

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 210/2016**

2018/EES/22/04

frá 28. október 2016

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/575 frá 29. mars 2016 um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við í lið 3k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 D 0575**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/575 frá 29. mars 2016 (Stjútíð. ESB L 98, 14.4.2016, bls. 4).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/575, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2016.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar****Bergdís Ellertsdóttir***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 98, 14.4.2016, bls. 4.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.